

Fjórði hver vinnur í verslun og þjónustu

Greinarnar sem halda samfélaginu gangandi

Af þeim tæplega 224 þúsund sem voru starfandi árið 2024 störfuðu um 49 þúsund manns á vettvangi fyrirtækja á sviði verslunar og þjónustu.

Það þýðir að tæplega **fjórði hver starfsmaður á Íslandi** vann fyrir fyrirtæki sem snerti alla – heimili, stofnanir og fyrirtæki.

Þessi staðreynd undirstrikar það sem margir gleyma:

Án fólksins í verslun og þjónustu er íslenskt samfélag ekki vel smurð vél.

Fyrsti vinnustaðurinn – skóli lífsins

Fyrir marga hefst starfsferillinn í verslun og þjónustu.

Hlutfall ungs fólks í þessum greinum er hærra en víðast annars staðar – og þar læra þau mikilvægustu lexíurnar á ferlinum: Að bera ábyrgð, vinna með fólki og afla tekna.

Margir leiðtogar nútímans hófu feril sinn á gólfinu í smásölu, leikskólum eða þjónustu. Þeir vita að **mannleg samskipti eru grundvöllur árangurs.**

Alþjóðlegt afl styrkir íslenskt atvinnulíf

Um 24% starfsmanna í verslun og þjónustu eru af erlendu bergi brotnir – sama hlutfall og á vinnumarkaðnum í heild.

Þeir gegna lykilhlutverki í því að halda uppi verslun, þjónustu og umfram allt lífsgæðum um land allt.

Án erlendra starfsmanna mundi hjarta margra fyrirtækja einfaldlega slá hægar.

Þetta er afl sem styrkir, mætir þörfum og tekur þátt í samfélaginu og það gagnast öllum.

Frá bílstjórum til hönnuða – Störf framtíðarinnar

Það er algengur misskilningur að störf í verslun og þjónustu séu aðeins „byrjunarstörf“. Raunin er sú að á sviði verslunar og þjónustu fyrirfinnst eitt **fjölbreyttasta starfsumhverfi landsins** – allt frá fólki sem starfar við ræstingar, sölufólki, og öryggisvörðum til bifvélavirkja, markaðsfólks, hönnuða, verkfræðinga og lækna.

Þetta eru störf sem byggja á þekkingu, ábyrgð og mannlegum tengslum – og þau verða sífellt mikilvægari eftir því sem sjálfvirknin eykst. Gervigreindin verður nýtt til að létta fólki störfin og auka framleiðni.

Framtíðin verður mannleg.

Frá byrjanda til leiðtoga – leið til árangurs

Í störfum mínum hjá SVP – Samtökum verslunar og þjónustu, hef ég hitt ótal einstaklinga sem hófu feril sinn ung og ómenntuð en hafa í dag haslað sér völl sem stjórnendur, eigendur og leiðtogar.

Ástæðan?

Í þessum greinum snýst mest allt um fólki.

Hvort sem starfsmenn hafa háskólagráðu eða ekki, þá er **góð tilfinning fyrir fólki og hegðan þess gulli betri**.

Mannauður verslunar og þjónustu er einn af **sprotum Íslands** – verðmæti sem erlendir fjárfestar sjá og kunna að meta.

Nýtt landslag – ný tækifæri

Það sem ungt fólk taldi áður tímabundinn starfsvettvang er í dag hluti af framtíð Íslands. Frystihúsin voru oft fyrsta stopp ungs fólks en nú er það verslun og þjónusta sem opna dyr fólks að atvinnulífinu.

Tækifærin eru víða – í nýsköpun, sjálfbærni, menntun, stafrænum lausnum og þjónustu sem byggir á trausti og tengslum.

Þetta eru greinar sem tengja fólk, hugmyndaauði og framtíðarsýn.

Framtíðin mótast í samtali

Þriðjudaginn 7. október næstkomandi hittast stjórnendur fyrirtækja í verslun og þjónustu á **Haustréttum SVÞ 2025**, leiðtogafundi verslunar og þjónustu.

Þar verður rætt um þróun, áskoranir og tækifæri — og hvernig við getum mótað framtíð sem byggir á fólki og trausti.

Því **framtíð verslunar og þjónustu er ekki skrifuð — hún er mótuð í samtali þeirra sem láta hlutina gerast**.

Benedikt S. Benediktsson

framkvæmdastjóri SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu